

## Íris Stefánsdóttir

---

**From:** Finnur Ingi Sölvason <fisolvason@gmail.com>  
**Sent:** sunnudagur, 3. desember 2023 18:15  
**To:** Íris Stefánsdóttir  
**Subject:** Suðurgata 87

### Lóðarumsókn og athugasemdir við deiliskipulag suðurbæjar Siglufirði

Undirritaður sendi inn byggingarnefndar teikningar og sótti um byggingarleyfi á lóðinni Suðurgata 87 þann 19. september s.l.

Á fundi 4. október samþykkti Skipulags og umhverfisnefnd úthlutun lóðarinnar og bæjarráð staðfesti úthlutunina þann 13. október.

Undirritaður hef lagt í umtalsverðan kostnað við hönnun einbýlishúss á lóðinni og hafði ætlað sér að hefja undirbúning framkvæmda á lóðinni strax og leyfi fengist.

Deiliskipulag af suðurbæ Siglufjarðar er í vinnslu og umsagnarferli. Af vinnslutillögum að dæma fellur teikningin ekki allskostar að skipulaginu og vil ég gera eftirtaldar athugasemdir við tillöguna, sem snýr að fyrirhugaðri byggingu minni að Suðurgötu 87.

- Lóðir eru litla sérstaklega samsíða götu sem takmarkar verulega möguleika á stærð húsa.
- Byggingarreitir eru þröngir sérstaklega meðfram götu, þegar byggt er í hallandi landi er hagkvæmara að byggja á lengd meðfram götu.
- Bílastæði eru skilgreind í suðvestur hluta lóðar og ganga inn á suðurvegg hússins þar sem sólar nýtur mest og rýrir notkunarmöguleika dvalarsvæði á suðurlóðinni og nýtingu neðri hæðar.
- Í grein 3.1.4 og á skipulagsupprætti er gert ráð fyrir ráðandi byggingarlínu þannig að bílastæði geti ekki verið fyrir framan húsið.
- Í grein 3.2.1 er skráð „Kjallari niðurgrafinn til hálfis upp í landhalla, **með gluggum á einni hlið**“. Hér er einnig settar skorður sem takmarka verulega nýtingu á neðri hæðinni en jafnframt gefinn kostur á að vera með aukaíbúð !

Með von um að tekið verði tillit til athugasemda minna þannig að ég geti byggt fyrirhugað einbýlishús á lóðinni Suðurgata 87 Siglufirði.

Virðingarfyllt

Finnur Ingi Sölvason